



Reykjavík 10.3.2023

### **Umsögn Félags leikskólakennara um frumvarp til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála.**

Á heildina litið virðist hugmyndin góð. Um er að ræða samræmda nálgun sem tekur heildstætt á málaflokknum. Mikilvægt er að hún verði vel útfærð, virki vel og geti nýst öllum hlutaðeigandi. Það er einnig brýnt að þjónustustofnunin liði fyrir aðgengi leikskólakennara að stuðningi og aðstoð í starfi sem og skilvirkum leiðum þegar kennarar og fjölskyldur þurfa ráðgjöf varðandi einstaka börn. Mikilvægt er að nægilegt fjármagn fylgi verkefninu og skýrt sé hver er ábyrgur fyrir fjármögnun. Nánari útlitun á því mætti gjarnan vera til staðar.

Samhliða þessari breytingu þyrfti að endurskoða ýmis gögn sem notuð eru í leikskólum s.s uppfæra matslista, ýmis greiningartæki og þess háttar sem orðið er barn síns tíma. Einnig er mikilvægt að hafa þess konar gögn á rafrænu formi.

Þetta er stór grind og nauðsynlegt að útfæra hana nánar. Óljóst er hvaða áhrif ný heildarlöggjöf um skólaþjónustu mun hafa á umfang og verkefni þjónustustofnununarinnar. Mikilvægt er að hafa samráð við hlutaðeigandi í hverjum málaflokki þannig að það sem varðar leikskólamál þarf að vinna í samstarfi við Félag leikskólakennara o.fl.